

Alþingi
Erindi nr. P/125/434
komudagur 8.12.199

Fréttatilkynning

| Lönaðar- og viðskiptaráðuneyti | | | |
|--------------------------------|----------|---------|----|
| Málsnr. | 99020081 | Ábm. | Bk |
| Blyk. | 53.020 | Aðrir | |
| Mótt. | 21.9.99 | Fskj. | |
| Aths. | | Gr:sjun | |

Lönaðar- og viðskiptaráðherra og sjávarútvegsráðherra kynna blaða- og fréttamönnum eftirfarandi fyrirkomulag á sölu 51% hlutar ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. (FBA) á fundi í Ráðherrabústaðnum þriðjudaginn 21. september kl. 14.00.

Öllum er heimilt að gera tilboð í 51% eignarhlut ríkisins í FBA á grundvelli þess fyrirkomulags sem um útboðið mun gilda.

Í framhaldi af dreifðri sölu á 49% hlut í FBA á síðasta ári eru markmið útboðs á sölu 51% hlutar ríkisins nú að hámarka söluverðið, að selja dreifðum hópi hlutinn í heilu lagi og að öllum (einstaklingum, fyrirtækjum og félögum) gefist kostur á að bjóða í hlutinn.

Til að tryggja að hámarksverð fái fyrir hlutinn er nauðsynlegt að hópur fjárfesta standi sameiginlega að tilboði í allan hlutinn. Hámarksverð fyrir eignarhlut ríkisins í bankanum verður aðeins tryggt með því að selja allan hlutinn í einu lagi. Ekki verður tekið við lægri tilboðum en sem miðast við gengið 2,80000 og skal tilboðsgengið vera með fimm aukastöfum. Tilboð skulu miðast við staðgreiðslu.

Til að tryggja dreifða sölu eru settar reglur um skyldleika og hámark hvers aðila, sem nemur 6% nafnverðs hlutabréfa og skal lágmarks hlutur hvers aðila innan hópsins vera 6 milljónir króna að kaupvirði. Eftir að tilboði hefur verið tekið verður hlut ríkisins skipt og einstakir hlutir síðan framseldir til hvers aðila fyrir sig innan hópsins í samræmi við þann lista um skiptingu sem hópurinn hefur lagt fram.

Með hugtakinu "skyldir aðilar og/eða fjárhagslega tengdir" er átt við:

- A Hjón eða sambýlisaðila.
- B Skyldmenni í beinan legg, bræður eða systur, systkinabörn, systkini föður eða móður eða tenging milli aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Foreldrar, börn, bræður og/eða systur maka eða sambýlisaðila.
- C Samstæða félag, móðurfélög og dótturfélög.
- D Ef einstakur aðili (einstaklingur eða lögaðili) á meira en 35% eignarhlut í lögaðila eða ef einstakur aðili eða skyldir aðilar skv. lið B eiga samanlagt meira en 35% eignarhlut í tveimur lögaðilum eða fleiri, skulu þeir aðilar teljast fjárhagslega tengdir.

Bönkum í meirihlutaeigu ríkisins er óheimilt að mynda hóp með öðrum innlendum bönkum eða sparisjóðum.

Sparisjóðir teljast ekki skyldir aðilar samkvæmt framansögðu.

Nauðsynlegt þykir að ganga úr skugga um það fyrirfram hvort hóparnir uppfylli skilyrði um skyldleika og/eða tengsl aðila og um hámark eignarhluts hvers aðila og

þeim þá gefinn kostur á að leiðrétta og bæta úr hugsanlegum ágalla. Þetta er gert til að tryggja að ekkert tilboð verði metið ógilt af þessum sökum eftir að búið er að opna tilboðin. Þannig er öllum gefinn kostur á að taka þátt í útboðinu.

Útboðið verður í höndum Framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Þriggja manna hópur mun fara yfir samsetningu hópa, eins og að framan greinir, og verður hann skipaður Brynjólfi Sigurðssyni, prófessor og tveimur fulltrúum Framkvæmdanefndar um einkavæðingu, þeim Hreini Loftssyni og Jóni Sveinssyni.

Unnið verður samkvæmt eftirfarandi tímaáætlun:

| | |
|-----------------------------|---|
| Þriðjudagur 21. september: | Útboðið kynnt |
| Miðvikudagur 22. september: | Auglýsing í dagblöðum |
| Þriðjudagur 28. september: | Útboðsgögn liggja fyrir hjá Ríkiskaupum |
| Sunnudagur 17. október: | Auglýsing í dagblöðum |
| Fimmtudagur 21. október: | Hópar skila þáttökutilkynningum |
| Mánudagur 25. október: | Aðvörðun vegna formsatriða |
| Föstudagur 29. október: | Lokafrestur til lagfæringa á formsatriðum |
| Mánudagur 1. nóvember: | Tilboðseyðublöð afhent |
| Föstudagur 5. nóvember: | Tilboðum skilað |
| Mánudagur 15. nóvember: | Greiðsla kaupverðs |
| Föstudagur 10. desember: | Aðrir hópar ekki lengur bundnir |

